

**Nd.**

**464. Nefndarátt**

um frv. til laga um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 28, 3. nóv. 1915.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Við, sem ritum hjer undir, lítum svo á, að frumvarpið feli í sjer þarfa breytingu á kosningalögum. Það er augljóst, að fólk í sveitum hlýtur að eiga erfitt með, og er það oft og einatt ómögulegt, að fara alt að heíman á einum og sama degi, og er með þessu skertur sá rjettur, sem mönnum er gefinn til þess að velja sjer fulltrúa á Alþing. Á hinn bóginn þykir okkur óþarft að ganga jafnlangt í þessu eins og gert er í frv., því að það er vitanlegt, að ef sjá ætti um að allir gætu komist á kjörfund, hversu óheppilega sem til hagaði, þá yrði annaðhvort kjörfundur að standa miklu lengur eða þá kosning að fara fram á hverju heimili. Við gerum því breytingu á frv. í þá átt, að til sveita sje mönnum gefinn kostur á að kjósa í tvo daga.

Um geymslu atkvæðakassa og annars sýnist vera tryggilega búid eins og við höfum komid því fyrir, en annars stendur það til bóta, ef mönnum sýnist veila í því vera.

Aukakostnaður við þetta verður hverfandi, þegar litið er á það, hversu miklu er kostað af sje og fyrirhöfn upp á það að gefa mönnum kost á að neyta kosningarrjettarins yfirleitt, og ekki horfandi í þessa aukagetu til tryggingar því, að öll þessi fyrirhöfn og alt þetta sje komi að fullum notum.

Fyrir breytingartill. I, a. verða færðar ástæður í framsögu.

Við ráðum því háttv. deild til þess að samþykkja frumvarpið með eftirfarandi

## BREYTINGUM.

- I. Á undan 1. gr. koma tvær nýjar greinar sem hjer segir:
  - a. Á eftir 7. gr. laga nr. 28, 3. nóv. 1915, kemur ný grein, svo hljóðandi:

Yfirkjörstjórn er heimilt, þegar ástæður eru fyrir hendi, svo sem mikill kjósendafjöldi, torfærur á leið til kjörstaðar og þvílíkt, að skifta hreppi niður í kjördeildir. Fyrir þær kjördeildir, er við bætast, skal yfirkjörstjórn skipa 3 menn í undirkjörstjórn og velja til þess kjósendur, sem búsettir eru á kjördeildarsvæðinu, hreppstjóra og hreppsnefndarmenn, ef til eru, annars aðra kjósendur. Ef skifta á hreppi í kjördeildir og um landskjör er að ræða, þá skal yfirkjörstjórn tilkynna það landskjörstjórninni í Reykjavík svo tímanlega, að landskjörstjórnin geti tekið nauðsynlegt tillit til þess.
  - b. Í fyrri málsgrein 22. gr. laganna orðist síðari málsliður svo:

Hverri undirkjörstjórn skulu fengin 8 umslög og skal á neðra framhorni vera prentað á 4 þeirra: »ógildir sedlar« og á 4: »afgangssedlar«.
- II. Við 1. gr., sem verður 3. gr.
  - a. Í stað »laga nr. 28, 3. nóv. 1915« kemur: laganna.
  - b. Síðasta setningin: »Skulu þær — — — í sveitum« falli burt.
- III. 3. gr., sem verður 5. gr., orðist svo:

Atkvæðagreiðslu má ekki slita meðan kjósendur gefa sig fram án þess hlje verði á. Þá er ekki gefa sig fram fleiri, skal enn biða  $\frac{1}{2}$  klukkustund. Nú gefur kjósandi sig fram áður þeim tíma er lokið, og skal þá enn biða  $\frac{1}{2}$  klukkustund með sama hætti, og aldrei má atkvæðagreiðslu slita fyr en 3 klukkustundir eru liðnar frá því er byrjað var að taka við atkvæðum, nema allir kjósendur, sem á kjörskrá standa, hafi neytt atkvæðisrjettar.

Í sveitum skal halda kjörfund með sama hætti aftur næsta dag, nema allir kjósendur, sem á kjörskrá standa, hafi neytt atkvæðisrjettar fyrri daginn.

Nú þarf að hafa kjörfund næsta dag aftur, og skal þá að öllu fylgt fyrirmælum 40., 41. og 42. greinar laga þessara um umbúning atkvæðakassa, kjörseðla og annars, er þar hermir, að því viðbættu, að lykil að atkvæðakassanum skal láta í umslag sjer og kjörstjórn ásamt þingmannaefnum, eða umboðsmönnum þeirra, setja innsigli sin fyrir á þann hátt, að umslagið verði eigi opnað án þess að innsiglin raskist. Varðveitir oddviti kjörstjórnar alt þetta til næsta dags.

Næsta dag hefst kosningaathöfnin með því, að oddviti kjörstjórnar leggur fram atkvæðakassann og umslögin með sedlunum og lyklinum, og skulu þeir, sem viðstaddir eru, athuga, hvort nokkru hefir verið haggað. Því næst opnar oddviti pokann og umslögin og athugar, hvort tala sedlanna er rjett.

Þá er allir kjósendur hafa átt kost á að greiða atkvæði, greiða þingmannaefnin og umboðsmenn þeirra atkvæði, á sama hátt sem aðrir

kjósendur, ef þeir hafa kosningarrjett, svo og kjörstjórnin. Geta þeir valið hvorn daginn þeir neyta atkvæðisrjettar sins hver um sig. Því næst skulu þeir kjósendur aftur kallaðir fram eftir stafrófsröð, sem nefndir eru í fyrri málsgr. 37. gr., og þeim fengnir nýir seðlar til að greiða atkvæði á, meðan seðlar endast. Í sveitum má þó láta þessa kjósendur greiða fyr atkvæði en hjer var sagt, ef nauðsyn krefur, að þeir geti farið ferða sinna, og aldrei síðar en áður atkvæðagreiðslu er slitið sama dag, er þeir komu til kjörstaðar.

Alþingi, 27. apríl 1923.

Magnús Jónsson,  
ritari og framsögum.

Gunnar Sigurðsson.